6. gr.

Samningar prófnefndar.

Prófnefnd er heimilt að fela óháðum aðilum að semja próflýsingu í viðkomandi grein, semja prófverkefni, fara yfir og gefa einkunn fyrir prófúrlausn. Þá er prófnefnd heimilt að semja við óháðan aðila um framkvæmd prófa.

Nú er ekki boðið upp á námskeið í verðbréfaviðskiptum og er prófnefnd verðbréfaviðskipta þá heimilt að standa fyrir námskeiði í einstökum greinum til undirbúnings verðbréfaviðskiptaprófi. Í slíkum tilfellum er prófnefnd heimilt að semja við aðra aðila um að halda námskeið samkvæmt þessari málsgrein. Gjöld fyrir námskeiðin skulu þá ákveðin af ráðherra að fenginni tillögu prófnefndar, nema samningar takist við framkvæmdaraðila um að hann beri fjárhagslega ábyrgð á námskeiðinu.

7. gr.

Starfsmaður prófnefndar.

Prófnefnd er heimilt að ráða sér starfsmann til að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd prófa og námskeiða skv. 2. mgr. 6. gr.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 506/2000 um próf í verðbréfamiðlun.

Viðskiptaráðuneytinu, 15. ágúst 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

Nr. 634 19. ágúst 2003

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt lögum nr. 139, 21. desember 2001 og orkulögum, nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, er taki gildi frá 1. september 2003.

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 961, 19. desember 2001, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir heitt vatn hækka um 5,8%.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. ágúst 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðrún Skúladóttir.